



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 64

Stefán B. Jónsson

Kaupmaður

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr.64

Stefán B. Jónsson

kaupmaður

Stefán B. Jónsson var til heimilis að Suður Reykjum Mosfellshreppi, en síðar titlaður sem Herra kaupmaður Njálsgötu 22.

Um er að ræða stofnun Menningarfélags Íslands, þá skjöl varðandi sölu á Suður Reykjum í Mosfellssveit og að lokum gögn viðkomandi áhuga Stefáns á blöndun pólitískra félaga og verslunarrekstri o.fl.

Menningarfélagið var stofnað árið 1908 og gaf út tímaritið Fósturjörðin á árunum 1911 til 1914. Stefán var ritstjóri og ábyrgðarmaður tímaritsins.

Óskar Jóhannsson hjá borgarverkfræðingi, afhenti þessi skjöl 11.11.1988.

Skjalaskrá

Bréf eða greinargerð um stofnun Menningarfélags Íslands og hluthafaskrá til blaðstofnunar; nöfn, heimili og hlutafjárloforð félagsmanna. Samið á Reykjum 10. maí 1911.

Menningarfélagið er félagsskapur um jafnrétti og jafna skiptingu auðæfa og mótmæli gegn yfirgangi einstaklinga og þjóða o.fl.

Skrá yfir hluthafa í hluthafadeild Menningarfélags Íslands 1914.

„Vor“, viðskiptablað, útg. Stefán B. Skrifuð grein til birtingar um menningar-, velferðar og pöntunarmál (verslunarmál).

Skrá yfir væntanlega meðlimi í Lýðvarnarfélagi Íslands og fylgiskjöl.

Ýmis skrif um Fjárhags- og viðskiptaástandið og Sameignarstefnuna.

„Stáss nöfn“, orð úr verslunarskýrslum og ýmislegt um gullvöntun og gjaldeyrismál.

Pantanaskilmálar verslunar Stefáns. Ýmislegt um kjör og afgreiðslu vara.

Vátryggingarbeiðni fyrir Njálsgötu 22 (1922) og tryggingarskjal frá The Eagle, Star & British Dominions Insurance Co. Ltd. 1922 ásamt bréfi frá umboðsmanni tryggingafélagsins Garðari Gíslasyni.

Virðingargjörð, skjöl og samningar um Reykjasöluna og húsakaupin á Njálsgötu 15.3. 1913. Einnig bréf, veðbókarvottorð, virðingar, afsals- og tryggingarbréf, skuldabréf og greiðsluloforð varðandi Reyki í Mosfellssveit.

Skráð: Guðjón Indriðason.